

Borgarhátíðir 2021 og COVID-19

-Yfirlit tekið saman af skrifstofustjóra menningarmála 4. nóv 2021

Borgarhátíðir 2021 - yfirlit

- Borgarhátíðir fóru allar fram með einum eða öðrum hætti árið 2021
- Sumar hátíðir fóru fram með hefðbundnum eða nánast hefðbundnum hætti en aðrar þurfti að laga að aðstæðum hverju sinni
- Mismunandi hvar á Covid-tímalínunni hátíðirnar lentu
- Hönnunarmars og RIFF fóru fram nokkurn veginn með hefðbundnum hætti og Reykjavík Dance Festival stefni á hefðbundna hátíð núna í nóvember
- Myrkir músíkdagar og Iceland Airwaves þurftu að aflýsa hátíðunum og fara í plan B og Hinsegin dagar þurftu að laga sína hátíð að mikilli fjölgun smita í lok sumars
- Í þeim tilfellum þar sem aðlaga eða fresta þurfti hátíðum vegna samkomutakmarkanna og óvissu var þeim oft frestað með stuttum fyrirvara og eftir að vinna við að skipuleggja þær hafði farið fram mánuðum saman. Því var um talsverðan útlagðan og óafturkræfan kostnað að ræða fyrir hátíðarnar
- Breytingar við að færa viðburði á netið og aðlaga fela einnig í sér kostnað fyrir hátíðirnar
- Allir að gera sitt besta í óvenjulegum aðstæðum á miklum óvissutímum

Hinsegin dagar

- Upphæð styrks: 10m
- Hátíðin var haldin dagana 3.-8. ágúst en með breyttu sniði vegna samkomutakmarkana. Farið var í endurskipulagningu allra viðburða og áhersla lögð á ýtrustu sóttvarnir
- Gripið var til þess ráðs að bjóða upp á opið streymi frá sem flestum viðburðum á hátíðinni. Umsjón með streymi var í höndum HljóðX og gengu útsendingar vel fyrir sig. Myndböndin eru aðgengileg á Youtube síðu Hinsegin daga
- Á meðal þess sem var á dagskrá: Opnunarhátíð, Kaffihús Hinsegin daga, Ungmennatónleikar, Pop-up verslun, Hinsegin götuleikhús og nýu fræðsluviðburðir
- Gleðigöngunni var aflýst en hinsegin fólk fjölmennti í miðborgina með litadýrðina í fyrirrúmi. Hópur fólks gekk um með 30 metra langan regnbogafána hátíðarinnar, götuleikhús Hinsegin daga skemmti gangandi vegfarendum á Lækjartorgi og slegið var upp pop-up tónlistaratriðum á Óðinstorgi og Ingólfstorgi
- Til að auka á sýnileikann í borginni og efla vitneskju fólks um hinseginleikann var ákveðið að bæta töluvert við í auglýsingar og flagga fána allra hinna fjölmörgu hópa sem eiga sér griðarstað undir regnboganum á rafrænum auglýsingaskiltum í strætóskýlum. Með hverjum fána var viðkomandi hneigð gerð skil á skýran hátt
- Hinsegin dagar og RÚV tóku aftur höndum saman og sýndu hátíðardagskrá laugadagskvöldið 7. ágúst. Þátturinn var blanda af skemmtiatriðum, líflegu spjalli og fræðslu

Hönnunarmars

- Upphæð styrks: 10m
- Hátíðin fór fram í maí 2021 en þó með breyttu sniði þar sem fjölmennir viðburðir, s.s. opnunarhóf, lokhóf og fjölmiðlaferðir erlendra blaðamanna, voru ekki á dagskrá en voru þess í stað leystir með öðrum hætti. Á dagskrá voru 70 sýningar og u.þ.b. 100 viðburðir þrátt fyrir að hátíðin hafi misst 1/3 fjármagns og hluta síns teymis. Að sögn skipuleggjenda má segja að umfang hátíðarinnar hafi í raun verið meira vegna aðstæðna
- Leitað var lausna við að skapa ný verkefni, t.d. Studio HönnunarMars, DesignTalks, hlaðvörp, Innsýn, Designwalks og heimili HönnunarMars. Sýningarstaðir HönnunarMars teygðu sig vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið, allt frá Hafnartorgi og miðbænum að Vatnsmýri, Skeifunni, Elliðaárstöð, Kópavogi og Garðabæ.
- HönnunarMars skýrslan fyrir 2021 er í vinnslu og verður tilbúin um miðjan nóvember

Iceland Airwaves

- Upphæð styrks: 10m
- Hátíðinni var aflýst í september vegna óvissu. Point of no return: með því að halda skipulagningu áfram í mikilli óvissu yrði kostnaðurinn sem og skuldbindingar hátíðarinnar æ þyngri byrði ef til aflýsingar kæmi á allra síðustu stundu
- Flækjustig hátíðarinnar er mikið (large scale, multi-venue, multi-capacity + standing events) og erfitt að fylgja öllum reglum og ná samtímis að búa til hátíð sem fólk hefur ákveðna væntingar til hvað varðar upplifun
- Í staðinn verður Live from Reykjavík haldin annað árið í röð laugardaginn 6. nóv. LFR er online hátíð Iceland Airwaves
- Hátíðin verður í 100% beinu streymi ólíkt því sem var í fyrra og nú fer hátíðin fram á fjórum tónleikastöðum í Reykjavík með gestum á staðnum. Steymisáhorfendur geta flakkað á milli tónleikastaðanna. Streymið er í samstarfi við RÚV og Nova TV sem er að þróa nýjan vettvang fyrir streymistónleika sem mun nýtast íslenskum tónleikahöldurum í framtíðinni.
- Í Airwaves vikunni sem nú stendur yfir er heilmikil dagskrá í gangi fyrir nokkra stóra hópa af erlendum gestum sem ákváðu samt sem áður að koma. Airwaves teymið hefur unnið náíð með ÚTÓN, Tónlistarborginni og STEF við að skipuleggja þessa dagskrá og koma henni á framfæri – t.d. málþingi um tónlist í kvikmyndum, vinnustofu PULS tengslanets Norræna menningarsjóðsins fyrir tónleikastaði og tónlistarhátíðir, showcase tónleikum í Iðnó, vinnustofu European Music Business Task Force, ýmsum pallborðum o.m.fl.

Myrkir músíkdagar

- Upphæð styrks: 5m
- Upphaflega átti hátíðin að fara fram í janúar 2021 en vegna Covid-19 var henni frestað til 20. - 24. apríl 2021. Að lokum var hátíðinni aflýst fyrir utan einn viðburð vegna þriðju bylgju Covid-19. Dagskrá ársins 2021 verður sameinuð dagskrá 2022 sem skilar sér, að sögn skipuleggjenda, í einstaklega veglegri og fjölbreyttri hátíð 2022.
- Viðburður Myrkra músíkdaga 2021: International Contemporary Ensemble frá New York og Skerpla Ensemble frá Listaháskóla Íslands, ásamt Tri-Centric Foundation, Nokia Bell Labs Experiments in Art and Technology í New York, kynntu afrakstur fjölhliða samstarfs í beinu streymi, miðvikudaginn 21. apríl kl. 21.00. Á tónleikunum voru flutt verk eftir Anthony Braxton og frumflutningur á verki eftir Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, Ecognosis. Stjórnandi var James Fei og sérstakir gestir voru saxófónleikarinn Darius Jones og hljóðlistakonan Fay Victor. Tónleikarnir fóru fram í samstillu streymi þar sem hljóðfæraleikararnir sem tóku þátt voru staddir á mismunandi stöðum í heiminum. Aðgangur var ókeypis. Einnig fór fram málþing í streymi um verk Anthony Braxton.
- *Skerpla Ensemble er tilraunakennd hljóðvinnustofa innan tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Vinnustofan er haldin á hverri önn og undanfarin ár hafa þátttakendur tekið þátt í fjölbreyttum viðburðum og tónleikum. International Contemporary Ensemble er þverfaglegt samstarf listamanna sem fer ótrúðnar slóðir í hvernig tónlist er búin til, hvernig hún er upplifuð ásamt því að rannsaka frá hinum ýmsu sjónarhornum hvernig hún tengist við samfélög víðsvegar um heiminn.*

Reykjavík Dance Festival

- Upphæð: 5m
- Hátíðin fer fram í fullri mynd daga 17. – 20. nóv. Þemað er samstarf
- Fjórar erlendar sýningar, níu innlendar sýningar / viðburðir og fjórir hliðarviðburðir. Hátíðin fer fram um alla borg, m.a. í Borgarleikhúsinu, Þjóðleikhúsinu, Tjarnarbíó og Kex Hostel. Einnig verður sýning sem fer fram á göngu um borgina með hljóðleiðsögn
- Níu hátíðahaldarar og leikstjórar koma til landsins til að sjá hvað er að gerast í íslenskri dansmenningu
- Baby Rave verður á Gin & Tonic á Kex Hostel þar sem DJ Ívar Pétur ætlar að bjóða börnum og fjölskyldum þeirra í danstónlistarferðalag um heiminn
- Sýningin í Borgarleikhúsinu eftir Lovísu Ósk Gunnarsdóttur er opnunarsýning hátíðarinnar. Hún nefnist *When the Bleeding Stops* og er unnin með fjölda kvenna sem hafa gengið í gegnum tíðahvörfin
- Vert að nefna áhugavert verkefni sem heitir *Stefnumót* og er samstarfsverkefni RDF og Listar án landamæra. Þrjú pör þar sem annar einstaklingurinn er fatlaður hafa unnið saman síðustu mánuði og á sérstakri sýningu verður sköpunarferlið rætt og afraksturinn sýndur (Show & Tell)
- Hátíðin er einnig í samstarfi við Listaháskólann þar sem nemendum býðst að taka þátt í tveggja daga námskeiði með erlendum dönsurum og sviðslistafólki

RIFF

- Upphæð: 10m
- RIFF fór fram í 18. sinn í ár frá 30. sept. til 10. okt. og var með fremur hefðbundnu sniði.
- Aðsókn var nokkuð svipuð og árið 2019, kannski örlítið minni þó. Myndafjöldi og annað umfang sérvíðburða svipað og var fyrir Covid-19. Yfir 100 manns komu erlendis frá aðallega til að sækja Bransadaga, fleiri en búist var við. Umræður á Bransadögum voru margar líka sýndar beint á netinu.
- Covid breytingar:
- Nýjung í ár var að sýna myndir að meðaltali aðeins tvisvar í bíó í stað þrisvar eins og áður en sýna líka á RIFF Heima (riff.is). Aðsókn var frekar dræm á RIFF heima en að sýna myndirnar líka á riff.is var varúðarráðstöfun ef faraldurinn færi aftur á flug en líka gert til að fá þá sem komast ekki í miðborgina til að horfa á bíó, t.d. þá sem eru rúmliggjandi eða búa langt í burtu, og þannig er hægt að ná til stærri hóps. Okkur langar að halda áfram með sýningar á netinu í vetur.
- Bílabíó var hugmynd sem varð til í kófinu 2020 og hélt áfram 2021. Líklega komið til að vera.
- Hátíðin er að fara af stað núna með veglega kvikmyndadagskrá fyrir börn og unglinga sem er send í alla leik- og grunnskóla landsins ásamt stuðningsefni.